

Nikulás í Kikk

Hljómsveitin Kikk er ekki orðin gömul, en þrátt fyrir plötusamning við Steina hf. hafa þegar orðið breytingar á skipan hljómsveitarinnar.

Gunnar Rafnsson, hljómborðsleikari, hefur sagt skilið við Kikk og var það að sögn allt saman í góðu

og hans sæti tekur enginn annar en Nikulás Róbertsson, sem síðast fægði hljómborðin hjá Start.

Kikk lék á sveitaballi að Hvoli á laugardagskvöld og þá var Nikulás mættur til leiks. Ekki sakar að geta þess í leiðinni, að það var enginn annar en Gunnar, sem sá um hljóðblöndunina á kvöldinu.